



## Matís ohf. er öflugt þekkingarfyrirtæki sem sinnir fjölbreyttu rannsóknar-, þjónustu- og nýsköpunarstarfi í matvælaíðnaði.

Hlutafélagið Matís tók til starfa 1. janúar 2007 á grundvelli laga nr. 68 2006 og heyrir undir sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðuneyti. Í hlutafélaginu sameinuðust þrjár ríkisstofnanir sem unnið höfðu að matvælarannsóknum, matvælaöryggi og þróun í matvælaíðnaði. Þetta voru Rannsóknastofnun fisk-iðnaðarins, Matvælarannsóknir Keldnaholti og Rannsóknastofa Umhverfisstofnunar.

Hjá Matís starfa margir af helstu sérfræðingum landsins í matvælatækni og líftækni, svo sem matvælafræðingar, efnafræðingar, líffræðingar, verkfræðingar og sjávarútvegsfræðingar. Einnig starfar fjöldi M.Sc. og Ph.D. nemenda við rannsóknar- tengt nám hjá Matís.

### Helstu markmið Matís

- Efla nýsköpun og auka verðmæti matvæla
- Stuðla að öryggi matvæla og heilsu
- Stunda öflugt rannsóknar- og þróunarstarf
- Efla samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu á alþjóðlegum vettvangi

### Helstu verkefni Matís

- Aðfangastjórnun
- Erfðataekni
- Fiskeldi
- Framleiðslutækni
- Líftækni
- Matvælaöryggi
- Rekjanleiki
- Umhverfismál
- Vöruþróun
- Vinnslutækni

### Starfsemi Matís er skipt í fimm svið

- Líftækni og lífefni
- Mælingar og miðlun
- Nýsköpun og neytendur
- Vinnsla, virðisauki og eldi
- Öryggi, umhverfi og erfðir



Okkar rannsóknir – allra hagur



## Mælingar og miðlun

### Mælingar og miðlun

Starfsemi sviðsins skiptist í tvær megin áherslur, annars vegar þjónustumælingar og hins vegar ráðgjöf. Sviðið hefur yfir að ráða fullkornustu rannsóknarstofu landsins til þjónustumælinga og veitir þannig forgangs- og öryggisþjónustu fyrir stjórnvöld til mælinga á efnum og sýklum sem geta valdið matarsjúkdómum og matareitrunum. Sviðið er því mikilsverður hlekkur í matvælaöryggi landsins.

Stærsti þáttur í starfsemi sviðsins eru örveru- og efnamælingar þar sem unnið er úr þúsundum sýna árlega frá aðilum í atvinnu- lífi og opinberum eftirlitsaðilum. Um er að ræða örveru- og efna- rannsóknir á sýnum úr t.d. matvælum, lyfjaframleiðslu, neyslu- og baðvatni, sjó, skólpi, fóðri, áhöldum og þannig má áfram telja. Auk þess að vinna úr sýnum frá framleiðendum býður sviðið matvælaframleiðendum vöktun á þeirra framleiðslu.

Ráðgjafarhlutverk sviðsins felst í námskeiðahaldi fyrir starfsmenn og stjórnendur í matvælaíðnaði og þjálfun þeirra í uppsetningu og notkun gæðakerfa. Námskeið eru einnig haldin fyrir opinbera eftirlitsaðila í matvælaíðnaði og almenna starfsmenn, þá gjarnan í samstarfi við viðkomandi matvælafyrirtæki.

Sviðið tekur þátt í alþjóðlegu starfi sem miðar að því að þróa mæliaðferðir í þjónustumælingum og tryggja þannig að starf þess sé á hverjum tíma eins og best gerist.



Franklín Georgsson, sviðsstjóri

### Faghópar innan sviðsins

- Efnamælingar
- Örverumælingar
- Ráðgjöf og miðlun

### Starfsemi sviðsins

- Höfuðstöðvar Mátís, Reykjavík
- Mátís, Neskaupstað

Nokkur dæmi um verkefni á sviðinu:

### Örverumælingar

Markmið faghópsins er að stunda örverurannsóknir á matvælum, neysluvatni, lyfjum, fódri og umhverfissýnum, veita sérhæfða, vandaða, fljóta þjónustu og ráðgjöf fyrir opinbera aðila, matvælafyrirtæki, lyfjafyrirtæki, sláturhús og einkaaðila. Einnig að veita faggilda þjónustu og vera með faggildar rannsóknaraðferðir. Þá stundar faghópurinn örverurannsóknir vegna eftirlits með dýraeldi og slátrun og örverurannsóknir á þrifum í matvælafyrirtækjum og á veitingahúsum. Gæða- og öryggisprófanir eru gerðar fyrir lyfjafyrirtæki og aðra aðila, þróaðar nýjar aðferðir í örverugreiningum og loks á faghópurinn aðild að þróun og prófun alþjóðlegra aðferða.

Örverumælingar taka til flestra mikilvægustu sýkla sem finna má í matvælum. Meðal verkefna eru aðferðaþróun og prófun aðferða, rannsóknir á afkomu örvera í matvælum og umhverfi, vöktun örvera og áhrif hreinlætisaðgerða á örverur.

Efnarannsóknir eru m.a. gerðar á aðskotæfnum og varnarefnum í matvælum. Þar undir heyrta t.d. rannsóknir á snefilefnum í sjávarafurðum og ýmsum varnarefnum í grænmeti og ávöxtum. Einnig eru framkvæmdar alhliða þjónustumælingar á sviði örveru-, eðlis- og efnamælinga og notaðar til þess faggildar mæli-aðferðir. Alls eru 35 örveru- og efnamælingar með faggildingu.

Helstu viðskiptavinir eru matvæla- og lyfjafyrirtæki og eftirlitsaðilar, auk þess sem sviðið veitir annarri starfsemi hjá Mátís margvíslega þjónustu á sviði rannsókna og mælinga. Þjónustumælingar Mátís fara fram í Reykjavík og í Neskaupstað.



### Efnamælingar

Markmið faghópsins er að bæta öryggi, gæði og heilnæmi matvæla með þróunarvinnu og þjónusturannsóknum.

Mikilvæg áhersluefni í efnamælingunum eru samsetning hráefnis og afurða í matvælavinnslu og fódurgerð og þær breytingar á gæðum þeirra og öryggi sem verða við vinnslu og geymslu t.d. næringargildi, geymslupól og stöðugleiki. Með efnamælingum eru einnig vöktuð varnarefni í grænmeti og ávöxtum og sömuleiðis er veitt þjónusta til ýmissra innlendra matvæla- og fódurframleiðenda vegna mælinga og upplýsingamiðlunar um næringargildi, gæði og óæskileg efni (t.d. þungmálmur, PCB efni, varnarefni). Þá rannsakar faghópurinn þrávirk lífræn efni í matvælum og fódri.

Starfsmenn fagsviðsins hafa mikla sérþekkingu og reynslu á sviði efnarannsókna. Sérfræðiþekking þeirra nær m.a. yfir mælingar á ólífrænum snefilefnum (þungmálmum s.s. selen, ofl), lífrænum snefilefnum (varnarefnum, PCB-efnum, díoxín, ofl) auk almennari efnamælinga; prótein, fita, vatn, salt, aska, TVN & TMA, Rotamín, þrúnunarmælingar, fitusýrugreiningar og fleira.

### Ráðgjöf og miðlun

Markmið faghópsins er að vera leiðandi í ráðgjöf og miðlun þekkingar til matvæla- og fódurframleiðenda með það að leiðarljósi að styrkja samkeppnisstöðu þeirra. Stöðug gæði og matvælaöryggi eru nauðsynleg fyrir aðgang fyrirtækja að verðmætum mörkuðum og eykur hróður þeirra hjá viðskiptavinum. Mátís vinnur náð með fyrirtækjum og aðlagar þjónustu og ráðgjöf að þörfum hvers og eins.

Lögd er áhersla á að auka hlut Mátís í þekkingarmiðlun til þróunarlanda á sviði matvæla og rannsókna í samvinnu við

Þróunarsamvinnustofnun Íslands og annarra er vinna að þróunarsamvinnu, m.a. með námskeiðahaldi og ráðgjafavinnu við sérhæfð verkefni í einstökum þróunarlöndum. Byggt er á reynslu og þekkingu starfsmanna Mátís að þróunarverkefnum í ýmsum þróunarlöndum.

Mátís er samstarfsaðili við rekstur Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-FTP) og sérfræðingar hjá Mátís annast kennslu og leiðbeina nemendum í verkefnavinnu við skólann.

